

STJÓRNARTÍÐINDI B 149 – 2004

Nr. 956

2378

26. nóvember 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulag Glerárgils neðra og Glerárvirkjunar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. nóvember 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir Glerárgil milli Bandagerðisbrúar og brúar á Borgarbraut.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurreisn Glerárvirkjunar með tilheyrandi þrýstípípu, stöðvarhúsi og öðrum mannvirkjum. Afmörkuð er lóð fyrir íbúðarhúsið Sólvang, með byggingarreit fyrir núverandi hús og nýjan bílskúr.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Akureyri, 26. nóvember 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 957

1. desember 2004

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum erfðafjárskatts skv. lögum nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 903.057.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 64.997.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2004 og gildir til 30. nóvember 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 1. desember 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.